

122.rafrænn fundur framkvæmdastjórnar um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 30. maí 2018.

Fundinn sátu: Árný Sigurðardóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Guðmundur H. Einarsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis sem jafnframt ritaði fundargerð.

Nýr vélsleði í Heiðmörk ósk um umsögn

Lagt fram erindi Skíðagöngufélagsins Ullar dagsett 25. maí 2018 þar sem óskað eru umsagnar um nýjan vélsleða til notkunar í Heiðmörk. Fyrir liggur að málið hefur verið kynnt heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og liggur fyrir jákvæð afstaða nefndarinnar til málsins.

Bókun:

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið til umsagnar erindi Skíðagöngufélagsins Ullar sem í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR) og Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur (ÍTR) vinnur að því að keyptur verði nýr vélsleði til notkunar við lagningu skíðaspora í Heiðmörk og annarra verkefna á vegum SR, m.a. sem vinnutæki við að draga tré. Nýr sleði mun leysa af hólmi eldri vélsleða SR sem hefur verið í notkun í Heiðmörk og er skv. meðfylgjandi upplýsingum um vistvænna farartæki að ræða. Einungis fjórir aðilar munu nota sleðann og verða að sækja námskeið vegna viðbragðsáætlunar og notkunar á viðbragðsbúnaði. Viðbragðsbúnaður verður útbúinn í samræmi við kröfur Veitna o.hf.

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd bendir á að Heiðmörk er að stærstum hluta á vatnsverndarsvæði höfuðborgarinnar. Framkvæmdastjórn gerir ekki athugasemdir við notkun á fyrirhuguðum sleða sem slíkum en vill koma á framfæri áhyggjum af aukinni umferð skíðafólks á vélknúnum farartækja inn í Heiðmörk með tilheyrandi hættu á að olíumengun í vatnsból höfuðborgarbúa. Vegir í Heiðmörk eru í dag varasamir, viðhald skortir og þeir ekki búnir mengunarvörnum. Engin takmörkun á umferð eru um svæðið.

Engin önnur mál voru á dagskrá.